




Gullastokkur úr tré frá því fyrir aldamótin 1900 ásamt leikföngum sem Guðjón Jónsson bóndi frá Múla við Gilsfjörð smíðaði. Börn geymdu gullin sín í gullastokkum. Þjms. ÍB.

Mynd á hægri síðu.

Báta létu börn sigla á lækjum og tjörnum. Margir leikfangabátar höfðu bæði mastur og segl. Leikfangabátur, jarðfundinn frá Haga á Barðaströnd og talinn forn. Þjms. ÍB.



GYÐA GUNNARSDÓTTIR



## BARNAGAMAN

### LEIKIR OG LEIKFÖNG UM ALDIR

*Leikir íslenskra barna gegnum tíðina voru fjölbreyttir og verður hér fjallað um þá sem algengastir voru. Um er að ræða útileiki og innileiki. Miðað er við börn frá fæðingu og til um tíu ára aldurs. Leikir og leikföng hafa tekið breytingum í tímans rás og endurspeglar atvinnuhætti og aðra þætti þjóðfélagsins á hverjum tíma. Fjallað er um allt tímabilið frá landnámi til um 1950, en mestar heimildir eru um tímaskeiðið 1850–1950. Stuðst er við margvísleg rit um leiki. Mikinn fróðleik er einnig að finna í ævisögum sem gefa margar hverjar glögga mynd af uppvexti og aðbúnaði íslenskra barna. Hver einasti maður á samt eigin minningar um þetta svið og ógerningur er að gera öllum tilbrigðum skil því sá brunnur er í raun óþrjótandi.*

#### FYRRUM ÁTTI ÉG FALLEG GULL

Leikföng voru kölluð barnagull. Síðar var farið að nota orðið leikfang en það merkti upphaflega fangbrögð. Í upphafi voru leikföngin náttúruleg svo sem litfagrir steinar úr fjöru eða fjalli, skeljar, dýrabein, grös og blóm. Úr fíflblómum mátti til dæmis útbúa festar úr fíflum til að skreyta sig með. Heimatilbúin leikföng voru einföld og persónuleg, brúður, bátar og dýr skorin út í tré eða bein og horn. Þau voru oft gerð af börnunum sjálfum eða einhverjum á heimilinu. Pabbi smíðaði bát og trébrúðu eða bíl og mamma aðstoðaði við saumaskapinn á brúðufötunum. Algengt var að skera út fugla í ýsubein og til er listilega útskorið brúðubollastell úr ýsubeini.

Trébrúður, spilatóflur úr beini, litskrúðugir smásteinar, bein, horn, skeljar og kuðungar frá landnámsöld hafa fundist í jörðu og sýna að þörfin til að leika sér er jafnan söm við sig. Trébrúða frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar fannst við fornleifauppgröft við Suðurgötu í Reykjavík. Hún hefur örugglega glatt eitthvert barnshjartað á sínum tíma. Leikföng hafa einnig fundist í uppgrefti á Stóruborg undir Eyjafjöllum, meðal annars lítill öxi, brúður og lítill bátur. Völur, bein og skeljar voru geymd í útskornum kistlum sem voru kallaðir völuskín eða gullastokkar, en þeir voru seinna kallaðir leikfangakassar eða dótakassar.

Hugmyndaflugið var óþrjótandi og allskonar efni kom að góðum notum. Kvarnir úr fiskum voru notaðar sem leikföng og algengt að nota þær sem spilapeninga. Með spýtu er hægt að skrifa í sandinn og búa til spil eða París. Einfalt prik var sett milli fótanna og hlaupið af stað og þar var kominn stafhestur. Prikkið mátti einnig nota við kúarekstur eða í viðureign við grimma hunda. Yngstu börnin fengu sennilega einkum að una sér við dúsuna sem var snúð síns tíma en seinna komu hringlur og fleira til að fanga hugann.

Athyglisvert er hvað börnum hefur alltaf þótt vænt um heimatilbúnu leikföngin sín jafnvel þótt þau eigi fjöldann allan af búðardóti. Stelpur saumuðu dúkkur og dúkkuföt úr efnisafgöngum. Síðan voru dúkuð borð með bollastelli og boðið í kaffi. Dúkkuvagnar voru fyrst kassar á hjólum. Síðar komu innfluttir dúkkuvagnar úr járn í stíl við alvöru barnavagna. Strákar smíðuðu vopn, sverð og skildi, boga og örvar, báta og bíla.

Allir hlutir voru nýttir. Tvinnakefli var fyrirtaks skopparakringla ef spýtu var stungið



í gegnum keflið. Það var einnig hægt að tálga í flautu eða nota það til að blása sápuvíkur. Tvinnakefli mátti einnig nota sem hjól undir bíla. Potthlemmur var notaður sem skjöldur í stríðsleikjum og einnig var hægt að nota hann til að renna sér á í snjóbrekkum. Ýmislegt var gert úr pappír og vinsælt að útbúa skutlur, báta og hatta. Dýr og fólk var klippt út úr bréfi. Með blýanti mátti teikna andlit á bréffólkið og dýrin. Marglit og skrautleg bréf voru dýrmæt og geymd sem gersemar.

Þeytisþjald var búið til úr fjöl og bandspotta. Það var ferkantað tréþjald með götum fyrir band. Bandinu var vafið upp á fingur hvorrar handar og snúið uppá. Þegar bandið var orðið vel strekkt var togað í og bandið fært til og frá á víxl. Þá hvein í bandinu og það snerist með miklum hraða. Börn teiknuðu spil eins og refsák eða myllu á pappasþjöld og notuðu bein fyrir taflmenn. Síðar voru þessi spil flutt inn og ekki lengur þörf á heimagerðum spilum.

Sögunarstrákur er leikfang sem búið var til úr tveimur spýtum í mannsmynd. Hann gat hreyfst fyrir vindi eins og rella en einnig var hægt að hafa hann á borðbrún og þá leit út eins og hann væri að saga þegar hann hreyfðist fram og aftur.



Útskornir trékarlar voru dýrmæt leikföng. Ef börn áttu marga útskorna karla var hægt að mynda her og fara í stríð eða láta þá vinna margvísleg störf í búleikjum. Sumir gátu jafnvel setið hest. Leikföng frá 17. eða 18. öld. Spýtukerling og karl frá Stóruborg undir Eyjafjöllum. Þjms. ÍB.

## FJÖLDAFRAMLEIDD LEIKFÖNG

Innflutt leikföng af ýmsu tagi komu fyrst til sögunnar á Íslandi á síðari hluta 19. aldar. Það voru einna helst brúður, hljóðfæri, spil og boltar. Einnig ýmskonar upptrekk leikföng, lestir, bílar og bátar. Ekki var þó á allra færi að eignast þau. Erlendis var mikið framleitt af leikfangabúsáhöldum úr postulíni. Það voru þó fáir sem eignuðust slíkt, kannski helst þau börn sem þekktu kaupmenn eða farmenn í siglingum.

Á fjórða áratug 20. aldar setti heimskreppan svip á líf og leiki barna og það dró úr innflutningi á leikföngum. Þá var gott að kunna að nýta það sem tiltækast var. Bera fór á innfluttum leikföngum upp úr seinna stríði, en meira var um þau í bæjum en sveitum.

Farið var að smíða tréleikföng á verkstæðum hér á landi á 20. öld og ýmsir hagleiksmenn fengust við það heima fyrir og seldu. Reykjalundur hóf framleiðslu á leikföngum árið 1945. Þar voru framleiddir svokallaðir SÍBS-trékubbar eftir mótum frá LEGO í Danmörku og urðu afar vinsælir. Úr þeim var hægt að reisa hús, kastala og fleira sem hugmyndaflugið skapaði. Fleiri tréleikföng voru framleidd á Reykjalundi á þessum árum, vörubílar, dúkkuvagnar og trébrúður. Einnig voru fluttir inn brúðuhúsar úr latexi sem voru saumaðir fastir á tuskukroppa. Upp úr 1950 tók Reykjalundur að framleiða plastleikföng af ýmsu tagi.

## BÚLEIKIR

Búleikir hafa alla tíð verið vinsælir bæði í bæjum og sveitum. Þeir líktust störfum fullorðna fólksins því börnin hjálpuðu snemma til við bústörfin og þekktu vel til þeirra verka.

Í sveitinni gat gullabúið verið í túnjaðrinum, við hól, klett, undir kálgarðsvegg eða í hraunskúta. Þar mátti oft finna gott skjól fyrir veðri og vindum til að athafna sig við drullumall og önnur bústörf. Þá voru töfraðar fram kökur skreyttar fíflum, baldursbrám eða lambaspörðum. Eldhúsáhöldin voru brotnir diskar og bollar sem mamma var hætt að nota. Ekki þótti nú verra ef í brotunum leyndust eiguleg brot með rósafíru. Leggir, vödur, kjálkar og horn léku hlutverk húsdýra. Kindur voru reknar í haga, mjólkað, smalað og heyjað eins og um alvöru bústörf væri að ræða.

Leggir voru hestar, horn sauðfé, kjálkar kýr og kjálkar stórgripa voru naut. Vödur voru hundar en höfðu einnig öðru hlutverki að gegna því með þeim var hægt að spá fyrir um óorðna hluti. Skammkögglar voru einnig mikið hafðir fyrir leikföng. Það voru fremstu beinin af kindar- eða stórgripsfæti. Þau bein höfðu börn fyrir kindur. Hyrnda hrúta var hægt að gera úr kögglum með því að festa beinflísar á þá.

Beinin þóttu miklar gersemar ef það tókst að gefa þeim lit. Ef þau lágu í jörð í nokkur ár fengu þau á sig brúnleitan lit og stundum var hægt að koma beinum og kögglum í pott þegar verið var að lita band. Sumir krakkar brenndu bletti á bein til að fá þau mislit. Þegar búféð var orðið mismunandi á litinn var auðveldara að velja á þau nöfn eins og Sokki eða Skjóni, Flekka eða Blesa. Skepnurnar þurftu að verja vel fyrir hundunum sem stálu þeim oft frá eigendum sínum og földu.



Margir áttu útskorna fugla eða önnur dýr sem leikföng. Börn léku sér að því að herma eftir hljóðum fuglanna. Leikföng úr ýsubeini. Sveinn Ólafsson myndskeri skar út. Þjms. ÍB.

Ef þær fundust aftur voru þær sumar hverjar illa útleiknar, allar nagaðar og tættar.

Á haustin var sláturtíð og þá var þeim kindahörnum sem voru orðin ónýtt fleygt og ný fengin í staðinn. Búin voru afmörkuð með steinum eða spýtum en sumir reistu heilu torfveggina og höfðu þak yfir. Byggðir voru garðar, fjárhús, fjós og hlöður og reynt að líkja eftir útihúsum á bænum. Þegar vetur gekk í garð voru horn og kjálkar lagðir til hliðar en leggir og vökur fengu að koma inn í bæ og urðu innileikföng yfir vetrartímann.

Í bæjum við sjóinn voru skeljar úr fjör- unni notaðar sem búsmali. Kúskeljar voru þá kýr, hörpuskeljar eða öðuskeljar hestar, kuðungar hundar og gimbuskeljar kindur.

Fjaran var fyrsti skóli krakkanna við sjávarsíðuna. Þar léku þau sér við öldurnar og grófu í sandinn. Þau hlutu oft margan skell og blautan bossa og óblíðar móttökur þegar heim var komið. Þá varð margur slorugur og holdvotur eftir veiðiskap úti á bryggju eða tanga. Svo var vaðið í pollum, lækjum og tjörnum og veidd síli. Það var líka vinsælt að sigla bátum í pollum og lækjum. Á sléttum sjó eða lygnu vatni var gaman að fleyta kerlingar með sléttum steinum og var listin að láta þá skoppa sem lengst eftir vatnsfletinum.

Pollar á götum í þéttbýli gátu verið eins og stórsjór eftir góða rigningardembu og gaman að reyna á þeim heimasníðuðu bátana sem oft voru bara spýta og nagli. Líka var hægt að nota pappírshátana svo lengi sem þeir blotnuðu ekki of mikið. Sumir bjuggu sér til fleka úr spýtum eða bara einni spýtu og höfðu langt prik til að reyna að fleyta sér bakka á milli. Sumir strákar áttu mikinn báta-

flota. Það voru heimasníðaðir bátar með rá og reiða eða togarar með brú og möstrum.

Í þéttbýli og jafnvel í sveit voru stofnaðar verlanir sem seldu hveiti og sykur í líki moldar og sands. Baldursbrá, gras og annar gróður breyttist í matvæli. Búðir risu í kjallaratröppum og voru reistar úr afgangsspýtum á byggingarlóðum. Vörunum var pakkað inn í dagblöð og viðskiptavinurinn borgaði fyrir sig ýmist með steinum, lúku af sandi eða jurtum.

#### FELU- OG ELTINGALEIKIR


Útileikir á vorin og sumrin voru fjölbreyttir og margskonar. Þeir hétu ýmsum nöfnum eins og Feluleikur, Kóngsleikur og Dúfuleikur. Þessir leikir fara í grunnatriðum þannig fram að einn grúfir sig meðan hinir fela sig. Sá sem *er hann* leitar hina síðan uppi.

Í Kóngsleik reynir hann að koma í veg fyrir að þeir taki frá honum sætið. Í Dúfuleik leikur einn vökumann og annar dúfu, aðrir

þátttakendur eru ungar dúfunnar. Dúfan grúfir sig niður og þykist sofa, á meðan fela ungararnir sig. Vökumaður sér til þess að dúfan haldi áfram að hvíla sig þar til allir ungarnir hafa falið sig. Þá vaknar dúfan og tekur að bera sig aumlega yfir ungarvarfinu en leitar þá síðan alla uppi.

Í Skollaleik, Blindingsleik eða Blindkrækleik er leitarmaður með bundið fyrir augun að leita að öðrum þátttakendum sem ýmist sitja allir eða standa kyrrir á sínum stað ellegar eru á hreyfingu. Skollinn klukkar þann sem hann nær í.

Sumir leikir voru bæði felu- og eltingaleikir. Það voru meðal annars Saltabrauð, Útburðsleikur og Útilegumannaleikur. Í Útilegumannaleik voru afmörkuð tvö svið, mannabyggð og útilegumannabyggð. Útilegumaður felur sig en hinir fara að leita kinda og eru þar með komnir í útilegumannabyggð. Útilegumaður eltir þá uppi og reynir að koma í veg fyrir að þeir komist í mannabyggð aftur.



Þeytisþjald var einfalt og vinsælt leikfang sem auðvelt var að búa til úr þunnu spjaldi og bandspotta. Þegar því var snúið hvein hátt í því. Þjms. ÍB.

Leikir sem voru eingöngu eltingaleikir hétu meðal annars Síðastaleikur, Fallin spýta, Skessuleikur, Risaleikur, Tófuleikur, Stórfisaleikur eða Hafnaleikur, Fuglaleikur, Rúðuleikur, Djöflaleikur og Ekkjuleikur. Sumir þeirra lifðu allt fram á fimmta áratuginn og kannski lengur og enn má heyra ung börn syngja:

*Allir krakkar, allir krakkar  
eru í skessuleik.*

*Má ég ekki mamma  
með í leikinn þamma?*

*Mig langar svo, mig langar svo  
að lyfta mér á kreik.*

Þegar valið var hver ætti að vera hann var oft leikinn einfaldur bendileikur eins og Úllen dúllen doff, Ugly sat á kvisti, Maddama, kerling, fröken frú eða Ella, mella, kúadella þar sem að endingu einn stóð eftir sem fórnarlamb. Einnig var stundað að telja tölurnar á peysunum sem þátttakendur voru í eða hlaupa í „borg“ og átti þá sá sem var síðastur í borg að vera hann.

#### RÆÐLEIKIR, HRINGLEIKIR, STÖKKLEIKIR

Brúarleikur var samskonar og sá sem við þekkjum nú sem Fram, fram fylking en hann var einnig til í örlítið breyttu formi og hét upp á dönsku Bro, bro, brille. Þá var til leikurinn Að elta sel í sjó og Rófuleikur sem var líka kallaður Halaleikur. Þá var aftasti maður í röð kallaður halarófa og var hann með húfu á höfðinu, en fremsti maður var kallaður verjandi. Einn stóð utan við röðina og var kallaður sækjandi. Hann átti að reyna að ná húfunni af halarófunni, en verjandi átti að koma í veg fyrir það. Við þær tilraunir mátti röðin ekki slitna.

Ýmsa hringleiki má nefna, svo sem Hlaupa í skarðið eða Köttur og mús og Eitt par fram

fyrir ekkjumann. Söngleikir voru vinsælir eins og Í grænni lautu og Ég lonniéttarnar lét á nefið eða Inn og út um gluggann og Vindum, vindum vefjum band. Þeir voru meira stundaðir af stelpum en strákuum en stundum voru strákarinn með, einkum þeir yngri. Bimm bamm bimm bamm bimbi rimbi rimm bamm var söngleikur, leikinn bæði af stelpum og strákuum og mikið farið í hann í frímínútum í skólanum.



*Brúðuvagn frá um 1900, með handfangi bæði að framan og aftan. Brúðan er frá um 1930, með höfuð úr svokölluðu latexi. Þjms. ÍB.*

Stökkleikir voru vinsælir, eins og Höfrungahlaup og Skjaldborgarhlaup. Í Höfrungahlaupi stukku menn hver yfir annan í beinni röð en þátttakendur stóðu kengbognir. Í kastleikjum var steinum kastað, til dæmis í Blámannaleik og Vörðuleik.

#### BARDAGALEIKIR

Orrustur voru víða háðar í bæjum, þá var hermt eftir köppum úr fornsögum eða riddara- og indíánabardagar háðir milli hverfa. Aðallega voru það drengir sem börðust. Í Reykjavík var barist milli Vestur- og Austurbæjar. Svipaða sögu er að segja um aðra bæi landsins. Hverfin skiptu liði hvort sem það hét Suður- eða Norðurbær, Vestur- eða Austurbær eða jafnvel Miðbær! Einnig var barist í minni einingum til dæmis milli íbúðablokka og skólahverfa.

Snjóorrustur voru háðar milli bæjarhluta rétt eins og bardagar með trésverðum og skjöldum á vorin. Frá því segir Hendrik Ottósson í minningum sínum. Hann var alinn upp í vesturbæ Reykjavíkur kringum aldamótin 1900. Virki voru reist og barist grimmdarlega um þau. Slíkar orrustur voru skipulagðar fyrirfram. Minnstu strákarinn voru látnir hnoða snjóboltana daginn áður og þeir voru síðan geymdir á góðum stað til næsta dags þegar orrustan var háð. Slíkar orrustur voru háðar um allt land þar sem strákahópa var að finna.

#### BOLTALEIKIR

Boltaleikir nutu mikilla vinsælda og voru margskonar. Fótbolti hefur löngum verið með vinsælustu leikjum drengja. Árið 1899 var fyrsta fótboltafélagið stofnað. Það var Fótboltafélag Reykjavíkur stofnað af strákuum í Vesturbænum og varð seinna að KR. Fleiri knattspymufélög voru stofnuð, en allir strákar spörkuðu hvort sem þeir voru í fótboltafélagi eða ekki og hvort sem þeir áttu almennilega boltaskó eða ekki. Mörkum var klambrað saman og þau sett upp hvar sem auðan blett var að finna en oft var líka notast við stóra steina eða bara flíkur til að tákna markið (sjá *Íþróttir og líkamsmening*, bls. 369).

Fleiri boltaleikir voru stundaðir, svo sem Kúlubolti (kúló) eða Slagbolti sem er líkur bandarískum hafnabolta. Á Ísafirði var sá leikur kallaður Hringbolti. Nafnaleikur með bolta, Hollí hú, var geysivinsæll líkt og Brennibolti (brennó) og Yfir. Í Yfir er bolta kastað yfir húspak, helst á litlum kofa, og skipt í tvö lið sem hlaupa hringinn og reyna að ná til sín einhverjum úr hinu liðinu með því að kasta boltanum í hann. Enn aðrir hétu Sto og Danskur. Það voru aðallega stelpur sem fóru í Danskan. Hann var í því fölginn að halda tveimur, þremur eða fjórum boltum á lofti samtímis. Ýmist var boltunum kastað á vegg eða beint upp í loftið. Stelpumar léku Danskan af fingrum fram og náðu margar mikilli leikni eins og fjöllistamenn í sirkus.

#### VORBOÐAR

Vorboðarnir í leikjum bama eru margir. Þegar hlýnar í lofti, sól hækkar og gróður tekur við sér skoppa börnin út úr húsunum eins og kýr á vorin og öll hafa þau stækkað frá í fyrra. Hlátrar og hróp óma aftur í lofti í kapp við fuglasönginn eftir þögn vetrarins. Sumardagurinn fyrsti hefur lengi verið helgaður börnum (sjá *Að gera sér dagamun*, bls. 336).

Snúsnú og sippubönd voru dregin fram á vorin og það er enn sannkallaður vorboði þegar krakkar fara að hoppa í Snúsnú á leikvöllum. Allir sem vettlingi geta valdið hoppa þá af hjartans list. Svokallaður Rykkur er vinsæll í Snúsnú, þá hlaupa menn inn í og út úr aftur í einum rykk hver á eftir öðrum og er best að hafa marga í þeim leik. Hægt er að sippa einn eða tveir saman og eru þá oft

sungnar vísur sem gefa leikfélaganum merki um hvenær má hoppa inn í og svo út úr aftur. Líka er hægt að leika ýmsar listir með bandinu og þá er keppt í því hver nær lengst í þrautunum. Þegar verið er í Snúsnú er bandið stærra og þátttakendur geta verið margir.

Einnig var vinsælt að hoppa í París. Margar tegundir af París voru til, Landaparís, Kerlingarparís og Gluggaparís. Í Landaparís þurftu

að stunda innandyra. Á vorin fylltust róluvellir af krökkum að moka í sandkössum með skóflurnar og föturnar sínar eða við að róla og vega salt. Í Hafnarfirði var að vega salt kallað að rambelta.

Margir voru leiknir í að slá gjörð með spýtu. Leikurinn var í því fölginn að halda gjörðinni sem lengst rúllandi og jafnvel reyna að fella fyrir öðrum. Þess má geta að forngríski læknirinn Hippokrates taldi

leikinn hafa lækningamátt svo ekki er þetta alveg nýr leikur. Þessi leikur minnir á annan leik með hring, þótt ólíkur sé, Húla hopp á sjötta og sjöunda áratugnum, þegar það skipti máli að reyna að halda gjörðinni sem lengst í snúningi utan um líkamann. Þá var henni snúð í hring um mittið og jafnvel upp á háls eða niður að hnjám.

Myndastyttuleikur var tilvalinn að fara í á góðum degi á fallegum grasbala. Hann fór þannig fram að einn tók að sér að snúa öðrum, hverjum

fyrir sig, eins og þeytisþjaldí í kringum sig og sleppa þeim svo frá sér. Þeir urðu svo að vera grafkyrrir þar sem þeir voru komnir þangað til búíð var að velja úr þá stytta sem þótti bera af.

Þrautakóngur var vinsæll og skemmtilegur leikur enda hafa krakkar alltaf gaman af því að herma eftir öðrum. Þátttakendur mynduðu röð og einn var valinn til að vera fremstur og vera þrautakóngurinn. Hann sýndi ýmsar þrautir og listir en hinir sem á eftir fóru reyndu að herma eftir honum.

Klink og Stikk var leikið upp á peninga og tölur. Í Stikki var spilað upp á fimmeyr-



Reykjalundur byrjaði leikfangaframleiðslu um 1945. SíBS-kubbarnir voru afar vinsælir og þótti mikill fengur í þeim þegar þeir komu fyrst á markaðinn. Þjms. ÍB.

þátttakendur að vera nokkuð fimir að kasta hníf því hann þurfti að stingast vel ofan í moldina eða sandinn sem Parísinn var teiknaður í. Menn skiptust svo á um að reyna að skera land andstæðingsins niður sem varð oft ansi lítið svo eigandinn gat stundum bara staðið á því á öðrum fæti.

Að ganga og leika sér á stultum var enginn hæðarleikur og þurfti að æfa sig vel til að ná leikni í því, en það varð heldur aldrei útbreiddur leikur meðal barna hér á landi.

Hinsvegar var vinsælt að fara í Pokahlaup, hoppa þá um í poka og keppast við að vera fyrstur í mark. Þann leik er líka hægt



Á vorin spruttu búin fram í túnjaðrinum og leggir, kjálkar, horn og skeljar fengu að viðra sig eftir vetrardrunga innvið. Börn í búleik um 1960. Þjms. Mbl.



Heimatilbúin leikföng voru gerð úr öllu sem nýtilegt þótti. Hér eru drengir að smíða vörubíl úr spýtuafgöngum um 1930. Þjms. GEI.

inga sem menn hentu upp mörgum í einu sem næst línu sem þeir stóðu svo sem þrjá metra frá. Þeir hirtu þá fimmeyringa sem sneru kórónunni upp þegar þeir lentu. Klinkið var spilað upp á tölur, menn hentu pening í múrvegg en nálægt veggnum var tölurúga. Sá sem henti peningnum næst tölurúgunni fékk að eiga tölurnar.

## VETRARLEIKIR

Veturinn kallaði auðvitað á meiri inniveru, einkum ef veður voru válynd. En eins og allir vita hefur snjórinn alltaf verið mikill gleðigjafi barna. Allir kannast við eftirvæntinguna þegar komið er á fætur að morgni þess dags þegar fyrsti snjórinn hefur fallið. Snjónum er tekið fagnandi, ekkert barn tefur lengi inni heldur er rokið út og tekist á við snjóflygsumar og skaflana.

Á veturna var snjórinn nýttur til útileikja. Börn köstuðu snjó í full-orðna sem framhjá gengu og í hvort annað á skólalóðinni eða í portum og húsasundum, hoppuðu í sköflum, bjuggu til snjókarla og kerlingar og boruðu sig inn í skafla eða bjuggu til hús. Snjókerlingarnar voru stundum með gulrótarnef og steina fyrir augu og munn og oft var skotist inn að sækja húfu og trefil handa kerlingu svo hún yrði skrautlegri. Þá var gott að nota tækifærið og skipta um vettlinga í leiðinni því heimaprjónuðu vettlingarnir frá henni ömmu vildu fljótt blotna í snjónum.

Brekkurnar urðu að sleða- og skíðabrekkum. Stundum var götum sem lágu í brekku lokað eftir snjókomu og þær kallaðar sleðabrekkur á meðan hægt var að renna sér í þeim. Það var einkum gert meðan bílar voru ekki eins margir á götunum og nú. Afar vinsælt var að hanga aftan í stuðurum á bílum eða strætisvögnum sem óku hjá og fá sér þannig ókeypis far. Það þótti nú ekki hættulaust og var stundum talað um óknyttakrakka sem tóku sér þetta fyrir hendur. Þennan leik er ógerlegt að fremja nú vegna hraðans.


Börn renndu sér á heimasmiðum sleðum, tunnustöfum eða jafnvel frosnum torfum. Á tjörnum var farið á skauta, fyrst á ísleggjum sem voru framfótarbein af hrossum. Á þeim stóðu menn og ýttu sér áfram með einum broddstaf sem var hafður í klofinu. Síðar komu skautar og var vinsælt að renna sér á nærliggjandi tjörnum og vötnum, en svo var líka bara hægt að renna sér fótskriðu (sjá *Íþróttir*, bls. 336–67).

## INNILEIKIR

Börn léku sér með leggi og völu á baðstofugólfinu, kuðunga, skeljar og útskorin dýr. Völnar þurfti oft að passa vel því þær voru eftirsóttar til að vefja bandhnykla utan um. Sá sem missti völna sína í hnykil sá hana ekki alveg á næstunni!

Úr leggjum voru reistar beinaborgir eða stökkið yfir sauðarlegg, sem var nokkuð flókin íþrótt. Beinaborgir voru byggðar þannig að langur leggur var lagður á gólfið en tveir styttri sitthvorum megin við hann. Þá voru tveir leggir lagðir þversum yfir og þannig áfram þangað til búíð var að reisa álittegan turn. Þá var galdurinn að fara með höndina inn í turninn, grípa um neðsta legginn og reyna þannig að lyfta honum upp án þess að hann hryndi.

Að stökkva yfir sauðarlegg var ekki á allra færi. Leggur var lagður á gólfið og reynt að sökkva yfir hann jafnfætis með því að halda með báðum höndum um tærnar á báðum fótum. Þá var listin að reisa horgemling ekki síður snúin. Þá sest maður flötum beinum á gólfið, setur hægri hendi undir hægri hnéð og klípur um vinstri eyrnasneppilinn, svo á að taka með vinstri hendi um buxustrenginn og reyna



síðan að standa á fætur! Þetta er nú ekki öllum fært. Einnig var hægt að leika sér á rúmum eða á gólfinu með tréleikföng og steina eða glerbrot ásamt ýmsu smádóti.

ur úr beini. Ekki þekkjum við leikreglurnar lengur en það er ekki ótrúlegt að það hafi verið spilað sér til skemmtunar jafnt af börnum sem fullorðnum (sjá *Haugfé*, bls. 73).

Sumir krakkar gátu spáð í spilin eins og þau væru þrautþjáfaðar spákerlingar.

Margir krakkar kunnu einfalda spilagaldra sem þeir höfðu gaman af að leggja fyrir aðra.



*Hópleikur efla félagsandann. Skólastúlkur í söng- og hringleiknum í grænni lautu við Barnaskólann á Eyrarbakka árið 1926. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. AS.*

Tilvalið var að fara í feluleiki í rökrinu og Skollaleik. Oft var þó betra að vera í slíkum leikjum úti við því þeir tóku mikið pláss og ollu fjaðrafoki og hávaða og trufluðu þannig fullorðna fókið sem vildi hvílast í rökrinu. Krakkarnir komu svo inn aftur þegar ljósið var kveikt.

Í hlöðunni var líka hægt að leika sér, hanga á bitunum og Flá kött og leika ýmsar listir, steypa sér kollhnís eða fara í gegnum sjálfan sig, en þá er hangið á bita og fótunum lyft upp á milli handanna og aftur niður á gólf. Þessar listir nálgast að vera fimleikar og betra að fara varlega.

#### TÖFL OG SPIL

Í Baldursheimskumlinu í Mývatnssveit fannst hneftaflíð svonefnda. Það er frá 10. öld. Í því eru 24 beintöflur, lítið mannslíkan og tening-

Margir kunnu að tefla og spila Kotru og talið er að Kotra hafi verið spiluð á Íslandi að minnsta kosti frá 12. öld. Refskák var spiluð, Mylla og Damm, og voru þá notaðar spilatöflur eða kúlur úr tré eða beini. Púsluspil er vinsælt fyrir börn á öllum aldri, einnig Lúdó sem er mjög vinsælt spil fyrir fjóra.

Spilað var á spil, til dæmis Púkk, Svarti Pétur, Kasína, Gosí, Köttur, Lauma, Hundur, Marías, Hjónasæng og Langa vitleysa. Þá var notaður sígildi 52 spila stökkurinn með einum jóker sem nú er til með margvíslegum skreytingum og myndum. Ýmsir dunduðu við að leggja kapal og krakkar höfðu gaman af að byggja spilaborgir sem jafnan hrundu því það mátti varla anda á þær. Þá var líka spáð í spilin og þau látin segja fyrir um ferðalög, giftingar, barneignir og annað sem framtíðin bæri í skauti sér.

Ekki má gleyma spávölnni sem sagði fyrir um óorðna atburði. Þá var beinið ekki lengur í hlutverki hunds eða kattar heldur hafði öðlast spádómsgáfu. Þá var borin fram spurning en valan svaraði *já, nei* eða *veit ekki*, allt eftir því hvernig hún sneri þegar hún kom niður á gólfið.

#### ORÐALEIKIR, ÞRAUTIR OG SÖGUR

Mikill fjöldi orðaleikja eða talþrauta var til sem krakkar dunduðu sér við að þylja. Þurfti þá að þylja aftur og aftur og reyna að ruglast ekki og ekki mátti anda á milli. Sem dæmi má nefna að segja Hans í Koti eða Helgi hvíti sem allra hraðast án þess að ruglast. Var leikurinn til þess gerður að æra krakka til að blóta óviljandi. Þulan Stebbi stóð á ströndu hefur líka verið vinsæl. Sumir kannast við







Mikið var spilað á spil eða lagður kapall. Svo var líka spennandi að spá í spilin. Danskur spilastokkur frá 1840 og íslensk spil með formmannamyndum Tryggva Magnússonar frá Alþingishátíðarárinu 1930. Þjms. ÍB.

eldri orðaleiki eins og Ein bóla á tungu minni engin á morgun eða nefndu svo Spaks manns spjarir að ekki komi saman varir.

Annarskonar orðaleikur er Frúin í Hamborg. Þá er skipst á um að spyrja hvað viðmælandinn hafi gert við peningana sem frúin í Hamborg gaf honum eða henni. Þá var bannað að svara með *jái* eða *neii* og ekki mátti segja *svart* eða *hvítt*.

Fuglafit er nokkuð skemmtileg list og ágætur leikur fyrir tvo. Einfalt band er bundið saman svo úr verður hringur sem smeygt er á milli fingra beggja handa. Svo er bandinu vafið með fingrunum eftir ákveðnum reglum og skipst á um að taka það af hendi hvor annars. Bandið myndar þá ýmis form eftir því hve oft það gengur á milli og formin hétu ýmsum nöfnum eins og spegill eða karfa en síðasta formið var kallað gæsalappir og því var erfiðast að ná enda var það flóknast.

Að fela hlut var á þann veg að einhver lítill hlutur var tekinn, oft hringur eða fingurbjörg og hann falinn en aðeins látið sjást í

hann. Síðan máttu allir koma og leita og sagt var að sá sem var næst hlutnum væri heitur en kaldur ef hann var langt frá honum. Einnig voru gefnar vísbendingar um hvort hlutir voru hátt uppi eða langt niðri með því að segja í lofti, á láði eða legi.

Gestþrautir voru til á mörgum bæjum og þóttu góð dægrastytting. Tyrkjabáturinn var gestþraut en sagan segir að Tyrkir hafi sett kristinn mann í bát og bundið hann við skip sitt. Hann gat ekki flúið nema með því að leysa bátinn frá skipinu en hann var bundinn með sérstökum Tyrkjahnút. Ýmsar aðrar þrautir voru til eins og að raða hringjum á járnstaut eða að raða saman litlum kubbum svo þeir verði að einum stórum. Farið var með gátur, þulur og þrautir, kveðist á og skanderast. Þegar verið er að skanderast verður að byrja næstu vísu á sama staf og sú fyrri endaði á.

Börn og fullorðnir kunnu oft mikið af vísu og oft var kveðist á allt kvöldið. Gátur voru líka vinsælar vegna þess að þá þurfti

að hugsa og glíma við að finna rétt svar. Hentugur innileikur var sá sem kallaðist Horfast í augu grámyglur tvær. Til þess að skemmta sér við hann þurfti ekki mikið pláss og einungis tvo að horfast í augu. Þá mátti ekki hlæja og ekki gretta sig eða tala og hvað þá líta undan.

#### SMÁBARNALEIKIR

Skemmtilegur leikur ungra barna er fyrsti feluleikurinn. Áður en börn verða árgömul eru þau farin að fela sig með því að setja báðar hendur fyrir andlitið og taka þær svo snögglega frá. Þá eru þau fundin aftur og mamma segir *gjugg í borg* og *þama ertu!* Leikurinn kemur maður gangandi er oft leikinn við yngri börn sem hafa alltaf eins gaman af. Þá koma þumalputti og vísifingur afa eða ömmu gangandi upp eftir barninu um leið sagt er:

*Kemur maður gangandi  
ætla að finna Tomma  
kíkir hann á glugga  
snýr lyklinum  
þurrkar sér á mottunni  
gengur inn.*

Þulan um fingurna segir frá þumalputta sem datt í sjóinn, vísifingri sem dró hann upp úr, löngutöng sem bar hann heim, baugfingri sem horfði á og litlaputta sprellimann sem kjaftaði öllu frá. Um leið og þulan er sögð er tekið um þá putta sem við eiga, oft var bara sagt *þessi* þegar tekið var um fingurna.

Lítill börn voru oft látin setjast á ristina á öðrum fæti á fullorðnum, sem lagður hafði verið yfir hitt hnéð. Síðan var haldist í hendur og fætinum lyft upp og niður meðan sungið var „Ríðum heim til Hóla“ eða einhver önnur vísa. Þegar barnið var farið að ganga með var stundum farið með þessa vísu:

*Stígur hún við stokkinn  
stuttan á hún sokkinn  
ljósan ber hún lokkinn  
litli telpuhnokkinn.*

Fagur fiskur í sjó er skemmtilegur leikur að orðum sem var mjög algengur. Þá er handar-

bakið á mótleikaranum strokið hægt meðan farið er með vísuna. Hendinni á að kippa að sér við síðasta orð og losna þannig við högg. Sá sem strýkur yfir handarbakið og fer með vísuna heldur hendi hins laust í lófa sér og fer hægt með vísuna en síðustu línuna fer hann hratt með til að ná að koma á höggi. Pulan er til í mörgum afbrigðum:

*Fagur er fiskurinn  
og flyðran í sjónum.  
Brettist upp á halanum  
með rauða kúlu á maganum.  
Vanda, banda  
gættu þinna handa.  
Vingur, slingur  
vara þína fingur.  
Fetta, bretta  
brátt skal högg á hendi þína detta.*

„Legg í lófa karls“ er ekki eins þekktur leikur lengur. Þá lokar viðkomandi augunum og setur lófann fram, eitthvað er sett í hann og á að geta sér til hvað það sé og hver það var sem laumaði hlutnum í lófann.

#### HVAÐ UNGUR NEMUR GAMALL TEMUR

Leikur eflir félagsþroska og mannleg samskipti. Það má glögg sjá hjá ungum börnum hvað þau þroskast fljótt ef mikið er talað og leikið við þau. Alla ævina lærum við og þroskumst með samskiptum við fólk sem er samferða okkur í lífinu. Ævilöng vinátta getur myndast milli leikfélaganna sem

#### HEIMILDIR

Árni Björnsson. *Saga daganna*. Rv. 1996.  
Eyjólfur Guðmundsson. *Afi og amma*. Rv. 1941.  
Eyjólfur Guðmundsson. *Pabbi og mamma*. Rv. 1944.  
Guðný Jónsdóttir. *Bernskudagar*. Rv. 1973.  
Gunnar Gunnarsson. *Fjallkirkjan*. Rv. 1997.  
*Íslenskar gátur, skemmtanir, vikivakar og þulur*. I-IV. Safnað hafa Jón Árnason og Ólafur Davíðsson. Kh. 1887–1903.  
Hendrik Ottósson. *Frá Hlíðarhúsum til Bjarmalands*. Akureyri 1948.  
Hulda Á. Stefánsdóttir. *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur. Bernska*. Rv. 1985.  
Magnús Bl. Jónsson. *Endurminningar I. Bernska og námsár*. Rv. 1980.

við kynntumst ung og við finnum alltaf betur og betur þegar við verðum eldri hversu mikilvæg þessi vinátta er okkur.

og fallegum steinum og leika sér að þeim. Með breyttum tímum koma aðrir leikir og önnur leikföng. Fullorðna fólk og lifnaðar-



*Hluti af útskornum kistli frá miðri 18. öld. Myndin sýnir foreldra leika sér við börnin sín. Söngurinn ómar í kotinu. Drengurinn stígur við stokkinn hjá föður sínum en stúlkan trallar við mömmu sína. Á milli þeirra dillar sér fuglabúr í takt. Þjms. ÍB.*

Margir þeir leikir sem hér hafa verið nefndir lifa enn góðu lífi og leikföngin líka. Hornin, kjálkarnir og leggirnir, skeljar og kuðungar eru þó að mestu horfin úr leiknum þótt enn sé vinsælt að safna skeljum, kuðungum

hættir þess eru helsta fyrirmynd barna. Með breyttu atvinnulífi og aukinni tækni breytast fyrirmyndirnar. En barnshugurinn er samur, æskan er glöð og lundin létt og lífsgleðinni fylgir leikgleðin hjá börnum á öllum aldri.

Símon J. Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir. *Bernskan. Líf, leikir og störf íslenskra barna fyrr og nú*. Rv. 1990.  
*Stóra-Borg. Fornleifarannsókn 1978–1990. Sýningarskrá*. Rv. 1991.  
Vigfús Jónsson. *Æskudagar*. Rv. 1960.  
Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðbjólfsson. *Knattspyrna í heila öld*. Rv. 1996.  
Þórarinn Helgason. *Leikir og störf. Bernskuminningar úr Landbroti*. Rv. 1976.  
Þórbergur Þórðarson. *Í Suðursveit*. Rv. 1993.

#### ÖPRENTAÐAR HEIMILDIR

Bryndís Sverrisdóttir. Leikjahefti. Leikir barna um aldamótin 1900. Fjölrit 1990. Heimildasafn Þjóðháttasafns Þjóðminjasafnsins.